

Pétur Ingi Haraldsson

Frá: Áfram Hrísey <afram@hrisey.is>
Sent: 14 December 2022 08:37
Til: Pétur Ingi Haraldsson
Efni: Lóðir í Hrísey

Sæll Pétur.

Verkefnið Áfram Hrísey hófst í haust og eitt af fyrstu málum sem taka þurfti á voru húsnæðismál. Eftir að hafa auglýst eftir leiguhúsnæði fyrir fjölskyldur sem vilja flytja til Hríseyjar, án árangurs, var farið af stað að ræða við leigufélög, verktaka og smiði. Þau samtöl hafa verið jákvæð og áhugi er á að byggja í Hrísey.

Eins og staðan er í dag þá eru hér eingöngu einbýlishúsalóðir lausar. Það hefur komið fram í þeim samtölum sem ég hef átt við áður nefnda aðila, að fyrsti kostur væri að byggja fjölbýli s.s raðhús eða parhús.

Ég óska því eftir því að lóðirnar Austurvegur 19 og Austurvegur 21 verði endurskipulagðar sem fjölbýlishúsalóðir.

Þegar farið verður í skipulag í Hrísey má skoða að bæta við lóðum við Skólaveg, Hólabraut 11, Miðbraut 1, 15, 17 og skipta út leikvelli í Miðbraut í hús númer 14 og 16.

Einnig vantar að setja inn iðnaðar/atvinnulóðir fyrir mögulega uppbyggingu til framtíðar.

Frístundalóðir við Eyjabýggð eru á skipulagi en ekki fullunnar lóðir, en það þyrfti að gerast sem allra fyrst. Við eigum við húsnæðisvanda að etja vegna ásóknar í sumarhús í eyjunni og því æskilegt að framboð á fjölbreyttum frístundalóðum sé nægilegt til þess að svara þeirri eftirspurn sem er.

Bestu kveðjur.

Ásrún Ýr Gestsdóttir
Verkefnisstýra Áfram Hrísey
Sími / Telephone: (354) 866 7786